

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 935/2004, um innflutning gæludýra,
annarra en hunda og katta, og hundasæðis.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Innflutningur á fersku kældu hundasæði eða djúpfrystu hundasæði í þar til gerðum ampúlum eða stráum er heimill að uppfylltum neðangreindum skilyrðum.

b. ii-liður b-liðar 8. tl. 3. mgr. sem ber heitið *Bólusetning gegn hundainflúensu (e. Canine influenza virus)* fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, ásamt síðari breytingum, lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 8. nóvember 2022.

Svandís Svavarsdóttir.

Emilia Madeleine Heenen.